

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 21. desember 1989

um breytingu á tilskipun ráðsins 77/536/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum

(89/680/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr. a,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Mikilvægt er að samþykktar séu ráðstafanir sem miða að því að koma smám saman á stofn innri markaði fyrir 31. desember 1992. Innri markaðurinn á að taka til svæðis án innri landamæra þar sem frjálsir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir.

9. gr. tilskipunar 77/536/EBE ⁽⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/354/EBE ⁽⁵⁾, takmarkar gildissvið umræddrar tilskipunar við landbúnaðardráttarvélar sem eru með massa á milli 1,5 og 4,5 tonn. Aukning núverandi hámarksmassa um 1,5 tonn dregur ekki úr öryggi á vegum né við vinnu.

Veltigrindur dráttarvéla sem eru með massa á milli 4,5 og 6 tonn geta fengið sömu meðferð og dráttarvélar sem eru með massa á milli 1,5 og 4,5 tonn og ættu að gilda um þær sömu reglur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað orðanna „massa milli 1,5 og 4,5 t“ í fyrstu línu fjórða undirliðar í 9. gr. tilskipunar 77/536/EBE komi „massa milli 1,5 og 6 t“.

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari innan 12 mánaða frá 3. janúar 1990 að telja. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 21. desember 1989.

Fyrir hönd ráðsins,

E. CRESSON

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 324, 17. 12. 1988, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 120, 16. 5. 1989, bls. 17, og Stjtið. EB nr. C 256, 9. 10. 1989, bls. 75.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 102, 24. 4. 1989, bls. 8.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 220, 29. 8. 1977, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 192, 11. 7. 1987, bls. 43.